Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 7. apríl 2025
25022517/500.00 KJ

Umhverfisviðurkenningar 2025

Útfærsla og verklag

Lagt er til eftirfarandi verklag fyrir umhverfisviðurkenningar 2025:

- Í júlí verður auglýst í bæjarblöðum og á samfélagsmiðlum Kópavogsbæjar eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga ársins.
- Tillögur lagðar fyrir á fundi skipulags- og umhverfisráðs **1. september**.
- Bókun skipulags- og umhverfisráðs lögð fyrir bæjarráð og í framhaldinu vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.
- Haft er samband við viðurkenningarhafa og upplýsinga aflað um lóðir/eignir sem eru síðan ljósmyndaðar.
- Athöfn umhverfisviðurkenninga skipulags- og umhverfisráðs verður **16. september** í forsal Salarins.
    - Boðið upp á kaffi og sæta bita.
    - Viðurkenningar veittar. Viðurkenningarhafar fá viðurkenningarskjal undirritað af formanni, skjöld til að setja upp á lóðinni og blómvönd.
    - Skoðunarferð tekin milli lóða viðurkenningahafa. Akstur í samráði við Strætó.
    - Viðburðurinn verður lokaður og ekki auglýstur. Verðlaunahöfum verður velkomið að bjóða vinum og vandamönnum. Nefndarmeðlimir og kjörnir fulltrúar hvattir til að vera viðstaddir athöfnina og að koma með í skoðunarferðina.
    - Bæklingar verða ekki prentaður vegna umhverfissjónarmiða heldur verður ljósmyndum varpað upp á skjá í athöfninni.
    - Heilsíðuumfjöllun í Kópavogspóstinum og umfjöllun á heimasíðu Kópavogsbæjar í kjölfar viðburðar.

Lagt er til eftirfarandi verklag fyrir götu ársins 2025:

- Auglýsingaherferð á samfélagsmiðlun í maí og júní þar sem auglýst er eftir tilnefningum fyrir götu ársins.
- Tillögur lagðar fyrir á fundi skipulags- og umhverfisráðs **16. júní**.
- Haldin verður lítil athöfn í þeirri götu sem hlýtur tilnefninguna þar sem skilti verður afhjúpað og tré gróðursett. Athöfnin verður **2. september**.
- Viðburðurinn verður ekki auglýstur en íbúum leyft að bjóða vinum og vandamönnum. Nefndarmenn og kjörnir fulltrúar verða hvattir til að mæta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026